


Handwritten notes at the top right of the page.



AETT

Guðrúnar
Gísladóttur,
fædd 27. júní 1872,
dáin 5. janúar 1912.

INDRÍDI INDRÍÐASON
TÓK SAMAN

Æ T T

Guðrúnar Gísladóttur

1. Guðrún Gísladóttir var fædd að Götuhúsum í Reykjavík

27. júní 1872. Foreldrar hennar voru Gísli Þorsteinsson og kona hans Sigríður Jónsdóttir. Götuhús voru á horni Vesturgötu og Bakkastígs, nýbyggð af föður hennar.

Ekki verður ævisaga sögð eða lífsferill Guðrúnar rakin, en hún flyst frá Efra-Apavatni í Grímsnesi til Norðfjarðar árið 1893, nefnd saumakona. Guðrún giftist þar 23. október 1894, Rafni Júlíusi Símonarsyni, sem komið hafði 1893 til Norðfjarðar frá Ytri-Njarðvík. Rafn var fæddur 27. júlí 1866 í Mælifellssókn í Skagafirði, sonur Símonar Jónssonar og Arnfríðar Rafnsdóttur.konu hans.

Rafn og Guðrún búa að Vindheimi á Norðfirði til 1903 að þau flytja til Reykjavíkur með sex börn er þau hafa eignast eystra. Með þeim flytur Sigríður móðir hennar, sögð ekkja, en hún kom til þeirra 1894 frá Miðfelli í Þingvallasveit, sögð skilin.

Árið 1909 flytja Rafn og Guðrún til Grundarfjarðar. Hafa stúlka og tveir drengir bætst við í fjölskylduna, en eitt dá þau búa á Framnesi í Grundarfirði í tvö ár og þar fæðist þeirri tíunda barnið. Árið 1911 flytja þau þaðan til Stykkishólms.

Guðrún deyr í Stykkishólmi 5. janúar 1912. Rafn deyr 8. júlí 1933 að Löndum í Vestmannaeyjum. Sonur Rafns var Jón fæddur 4. júlí 1885 í Hólakoti á Skaga (Skavóshreppi). Hann bjó lengi í Reykjavík, kvæntur og átti börn. *Þji lengi á Norðfirði*

Börn Guðrúnar og Rafns voru:

- a. Sigríður Ingibjörg, f. 6. október 1894 á Norðfirði. Einn af skírnarvottum hennar er Gísli Þorsteinsson.
- b. Gísli, f. 20. mars 1896 á Norðfirði.
- c. Arnfríður Agústa f. 7. ágúst 1897 á Norðfirði.
- d. Jón, f. 6. mars 1899 á Norðfirði.
- e. Helga, f. 6. desember 1900 á Norðfirði.

- f. Símon Norðfjörð, f. 16. september 1902 á Norðfirði. D. 3. ág. 1903
- g. Guðrún, f. 20. febrúar 1904 í Rvík. D. 17. maí 1909; Grundarfirði
- h. Jóhann Kristinn, f. 10. febrúar 1906 í Reykjavík.
- i. Erlendur, f. 1907 - 1908 í Reykjavík.
- j. Guðrún, f. 22. mars 1910 að Framnesi í Grundarfirði.

Föðurætt

Dá verður næst gerð lítilsháttar grein fyrir föðurætt Guðrúnar Gísladóttur. Faðir hennar var:

2. Gísli Þorsteinsson, fæddur um 1836-37 í Klausturhólasókn í Grímsnesi. Hann er árið 1845 í Mýrarkoti í Grímsnesi hjá foreldrum, 3 ára. Gísli er fermdur 1851, 14 ára. Gísli giftist 16. nóvember 1867 í Reykjavík, Sigríði Jónsdóttur, nr. 32. Þau áttu fimm börn, dóu þrjú í æsku en tvær dætur komust upp, Guðfinna, f. 12. júlí 1869, átti Erlend Þórðarson í Reykjavík og börn, og Guðrún hér næst á undan. Gísli og Sigríður bjuggu um árabíl í Reykjavík, en fluttust svo suður á Suðurnes og voru þar allengi. Eftir að Gísla þraut heilsu voru þau hjón á vegum dætra sinna. Gísli missti sjón á öðru auga sem barn og ágerðist sjóndepra með aldrinum. Hann var að sögn fjörmaður og stundaði atvinnu sína, sjómennskuna, með dugnaði. Hann var greindur vel, umhyggjusamur heimilisfaðir og vel látinn af öllum er við hann kynntust. (Umsögn e. bl. frá Guðr. Rafnsdóttur Faðir hans var:
3. Þorsteinn Gíslason, fæddur um 1798 í Klausturhólasókn. Hann er á Stóruborg í Grímsnesi 1801, 3 ára, hjá foreldrum sínum. Þorsteinn býr á Mýrarkoti 1845. Kona hans er Guðrún Erlendsdóttir, nr. 8. Hjá þeim í Mýrarkoti 1845 eru sjö börn þeirra Guðrún 14, Erlendur 11, Guðmundur 10, Gísli 8, Jón 4, Guðsteinn 3 og Guðbjörg 2 ára. - Í Sýslumannaævum IV 439 er Þorsteins getið og ættar hans. Þar er einungis nefndur einn sonur hans Magnús, " er lengi var í Halakoti á Álftanesi, en síðar í Rvík og druknaði þar." Faðir Þorsteins:
4. Gísli Ólafsson, fæddur um 1748. Bóndi Stóruborg í Grímsnesi 1801. Kona hans var Þórný Þorsteinsdóttir, nr. 13. Þar eru hjá þeim hjónum 1801 þrír synir þeirra: Sigurður 4, Þorsteinn 3 (hér næst á undan), og Ólafur 1 árs. Þar er þá og móðir hennar Ingibjörg Árnadóttir 74 ára, ekkja eftir eitt hjónaband.

5. Ólafur Gíslason bóndi Langholti í Ytri-Hrepp, dáinn fyrir 1801
Kona Guðrún, d. 1792, Gísladóttir, nr. 16. Hans faðir:
6. Gísli Erlendsson bóndi Syðra-Langholti á 18du öld. Faðir hans
7. Erlendur. Mér ókunnur.
8. Guðrún Erlendsdóttir fædd á Miðengi í Búrfellssókn í Grímsnesi
1801. Er þar hjá foreldrum 1816, 15 ára, elst fimm systkina.
Guðrún átti Þorstein Gíslason nr. 3. Þjuggu Mýrarkoti 1845,
sjá hann. Faðir hennar:
9. Erlendur Þorgilsson bóndi á Miðengi 1816, fæddur þar 1771.
Lifði fram um 1830. - Kona hans var Guðrún Jónsdóttir frá
Búrfelli, nr. 26. Erlendur og Guðrún eru nýgift á Miðengi 1801
með foreldrum hans. Börn þeirra hjá þeim 1816: Guðrún 15, hér
næst á undan, Jón 12, Þorgils 11, Magnús 6 og Ingunn 1 árs.
(Þorgils sonur þeirra bjó síðar á Minniborg (1845). Kona hans
var Guðrún Sæmundsdóttir. Börn þeirra voru: Ásmundur á Minni
borg, Magnús, fæddur 1843, átti Ragnheiði Jónsdóttur, Þorgils,
fæddur 22. febr. 1850 og Guðrún. Faðir hans:
10. Þorgils Ormsson, fæddur um 1733. Bóndi á Syðra-Langholti Ytri-
hrepp, en er kominn að Miðengi 1770 og býr þar enn 1801. Kona
hans var Guðrún, fædd 1732 Ólafsdóttir bónda í Haukadali í
Biskupstungum, Gunnarssonar bónda á Gýgjarhóli í Biskups-
tungum Gestssonar. - Þar eru hjá þeim 1801 þessi börn þeirra
Ólafur bóndi þar 32 ára, með Sigríði Guðmundsdóttur konu sinni.
Guðný 32, Erlendur 30 hér næst á undan og Elín 29 ára.
Ólafur bróðir Erlendar bjó á Miðengi. Sonur hans var Þor-
gils, f. um 1792, er bjó þar einnig. Dóttir hans var Guðrún,
fædd 1837, er átti Arnór Jónsson bónda á Minna-Mosfelli. Þeirra
sonur var Einar Arnórsson ráðherra. Einar og Guðrún Gísla-
dóttir voru því fjórmenningar frá Þorgilsi Ormssyni, þannig:
Erlendur, Guðrún, Gísli og Guðrún : Ólafur, Þorgils, Guðrún, Einar
Faðir hans var:
11. Ormur Ásmundsson, fæddur um 1713. Bóndi í Þrándarholti og síðar
á Miðengi 1762. Kona hans er ókunn. Faðir hans:
12. Ásmundur Jónsson, fæddur 1685. Drengur á Vatnsleysu Biskups-
tungum 1703. Bóndi í Bræðratungu og síðar í Þrándarholti.
Kona, Ásdís, f. 1668 Ormsdóttir, áður gift Jóni Jónssyni á Sel
í Grímsnesi. Framætt Ásmundar er mér ókunn, en vel má vera að
hún sé kunn þeim ættfræðingum sem hoima eru í sunnlenskum ættum

5. Ólafur Gíslason bóndi Langholti í Ytri-Hrepp, dáinn fyrir 1801. Kona Guðrún, d. 1792, Gísladóttir, nr. 16. Hans faðir:
6. Gísli Erlendsson bóndi Syðra-Langholti á 18du öld. Faðir hans
7. Erlendur. Mér ókunnur.
8. Guðrún Erlendsdóttir fædd á Miðengi í Búrfellssókn í Grímsnesi 1801. Er þar hjá foreldrum 1816, 15 ára, elst fimm systkina. Guðrún átti Þorstein Gíslason nr. 3. Þjuggu Mýrarkoti 1845, sjá hann. Faðir hennar:
9. Erlendur Þorgilsson bóndi á Miðengi 1816, fæddur þar 1771. Lifði fram um 1830. - Kona hans var Guðrún Jónsdóttir frá Búrfelli, nr. 26. Erlendur og Guðrún eru nýgift á Miðengi 1801 með foreldrum hans. Börn þeirra hjá þeim 1816: Guðrún 15, hér næst á undan, Jón 12, Þorgils 11, Magnús 6 og Ingunn 1 árs. (Þorgils sonur þeirra bjó síðar á Minniborg (1845). Kona hans var Guðrún Sæmundsdóttir. Börn þeirra voru: Ásmundur á Minniborg, Magnús, fæddur 1843, átti Ragnheiði Jónsdóttur, Þorgils, fæddur 22. febr. 1850 og Guðrún. Faðir hans:
10. Þorgils Ormsson, fæddur um 1733. Bóndi á Syðra-Langholti Ytri-hrepp, en er kominn að Miðengi 1770 og býr þar enn 1801. Kona hans var Guðrún, fædd 1732 Ólafsdóttir bónda í Haukadali í Biskupstungum, Gunnarssonar bónda á Gýgjarhóli í Biskupstungum Gestssonar. - Þar eru hjá þeim 1801 þessi börn þeirra Ólafur bóndi þar 32 ára, með Sigríði Guðmundsdóttur konu sinni Guðný 32, Erlendur 30 hér næst á undan og Elín 29 ára. Ólafur bróðir Erlendar bjó á Miðengi. Sonur hans var Þorgils, f. um 1792, er bjó þar einnig. Dóttir hans var Guðrún, fædd 1837, er átti Arnór Jónsson bónda á Minna-Mosfelli. Þeir sonur var Einar Arnórsson ráðherra. Einar og Guðrún Gísladóttir voru því fjórmenningar frá Þorgilsi Ormssyni, þannig: Erlendur, Guðrún, Gísli og Guðrún : Ólafur, Þorgils, Guðrún, Einar. Faðir hans var:
11. Ormur Ásmundsson, fæddur um 1713. Bóndi í Þrándarholti og síðar á Miðengi 1762. Kona hans er ókunn. Faðir hans:
12. Ásmundur Jónsson, fæddur 1685. Drengur á Vatnsleysu Biskupstungum 1703. Bóndi í Bræðratungu og síðar í Þrándarholti. Kona, Ásdís, f. 1668 Ormsdóttir, áður gift Jóni Jónssyni á Selvíki í Grímsnesi. Framætt Ásmundar er mér ókunn, en vel má vera að hún sé kunn þeim ættfræðingum sem holma eru í sunnlenskum ættum

13. Dórný Dorsteinsdóttir, kona Gísla Ólafssonar á Stóruborg, nr. 4. Dórný er fædd um 1765. Faðir hennar:
14. Dorsteinn Erlendsson, bóndi á Stóruborg í Grímsnesi. Kona Ingibjörg, f. um 1727, Árnadóttir. Hún er ekkja á Stóruborg 1801. Faðir hans:
15. Erlendur. Mér ókunnur, hafði ég skrifað, en karlegg hans fann ég í bók. Erlendur var Þorsteinsson og sagður búa á Öndverðarnesi í Grímsnesi. Faðir hans:
 Þorsteinn Þorsteinsson, bóndi Fossi í Grímsnesi, h.f.
 Þorsteinn Narfason bóndi Fossi, h.f.
 Narfi Einarsson bóndi Efstadal, h.f.
 Einar Jónsson bóndi Gröf í Grímsnesi, h.f.
 Jón Narfason bóndi á Laugarvatni, h.f.
 Narfi Ormsson lögréttumaður og bóndi í Reykjavík
 Ormur Jónsson sýslum. í Reykjavík, d. 1564, h.f.
 Jón Árnason, sýslumaður, h.f.
 Árni Snæbjörnsson, ábóti í Viðey, d. 1515? h.f.
 Snæbjörn bóndi á Héðinshöfða á Tjörnnesi. Ekki þori ég að fullyrða að öruggt sé að Árni ábóti væri sonur Snæbjörns á Héðinshöfða, en svo er sumstaðar talið, sbr. Íslæv. I 70.
16. Guðrún Gísladóttir, d. 1792, kona Ólafs Gíslasonar nr. 5.
17. Gísli prestur Erlingsson á Ólafsvöllum, f. 1684, d. 1744.
 Kona hans Ingibjörg Gísladóttir pr. í Kaldaðarnesi Álfssonar prests þar Jónssonar (Íslæv. II 39, 50). Sonur Gísla og Ingibjargar og bróðir Guðrúnar nr. 16, var Vigfús bóndi á Reykjum á Skeiðum, faðir Eiríks dannebrogsmanns á Reykjum, föður Katrínar konu Magnúsar alpm. í Syðra-Langholti, föður Helga í Birtingaholti, föður þeirra bræðra; sr. Guðmundar í Reykholti, Ágústis í Birtingaholti, Magnúsar skólastjóra ^{og} sr. Kjartans í Hruna. Afkomendur Vigfúsar á Reykjum eru ^{legio}
 Faðir séra Gísla:
18. Erlingur Eyjólfsson, lögréttumaður og bóndi í Saurbæ á Kjalarnesi, f. um 1635. Tvígiftur. Seinni kona og móðir Gísla nr. 17, var Guðný Hallsdóttir (Lögrmtal 136-37). Faðir ^{h.}
19. Eyjólfur Ísleifsson, bóndi í Saurbæ á Kjalarnesi, átti Agötu Helgadóttur lögrm. í Þverárþingi og bónda á Hvítárvöllum Vigfússonar. Hans faðir:
20. Ísleifur Eyjólfsson bóndi í Saurbæ á Kjalarnesi, d. 1654.
 Kona 1605 Sesselja Magnúsdóttir prúða, sýslumanns, Jónssonar lögréttumanns á Svalbarði Magnússonar (Þýslumannaæv. IV 426 Auðvelt er að rekja ættir þeirra Svalbarðs-systkina, barna

Jóns lögréttumanns á ýmsa vegu til fornmanna, en þau voru: Magnús sýslumaður prúði (móðurfaðir Ísleifs nr.20), Páll sýslumaður (Staðarhóls-Páll), Jón lögmaður, Sigurður sýslum. á Reynistað, Steinunn fylgikona sr. Björns á Melstað Jónssonar biskups Arasonar, Þórdís kona Þorgríms Þorleifssonar í Lögmannshlíð og Solveig fylgikona Filippusar Þórarinssonar á Svínavatni. Móðir þessara systkina og fyrri kona Jóns á Svalbarði var Ragnheiður á rauðum sokkum, Pétursdóttir lögrm., Loftssonar Íslending á Staðarhóli, Örmssonar hirðstjóra, Loftssonar ríka Guðtormssonar.

21. Eyjólfur Halldórsson, sýslum. í Rangárbíngi, b. á Reyðarvatni. Kemur við dóma 1592, og mun hann við sýslu til 1596. Kona hans var Solveig Árnadóttir sýslumanns á Hlíðarenda Gíslasonar. Þeir feðgar voru stórmenni og eru auðraktar ættir þeirra til landnámsmanna. Faðir hans:
22. Halldór Örmsson bóndi Saurbæ Kjalarnesi, f. um 1540. Kona hans var Þórdís Eyjólfsdóttir mókolls yngra Gíslasonar Filippussonar og eru ættir þeirra auðraktar.
23. Örmur Einarsson bóndi í Saurbæ. Kona Ragnheiður Þorvarðardóttir. Örmur var veginn í Viðey 1519 af Erlendi Þorvarðarsyni mági sínum, síðar lögmanni sunnan og austan 1521-1552.
24. Einar Þórólfsson lögrm. úr Þórsnesþingi, bóndi á Hofsstöðum Helgafellssveit. Umboðsmaður hirðstjóra um tíma. Fæddur um 1440-1450. Er á lífi 27. júní 1511. K. h. Katrín Halldórsdóttir.
25. Þórólfur. Ókunnur (Lögréttumannatal 120).
26. Guðrún Jónsdóttir, fædd 1776 á Búrfelli í Grímsnesi, átti Erlend Þorgilsson bónda á Miðengi, nr. 9.
27. Jón Vernharðsson, fæddur 1733. Bóndi á Búrfelli 1801. Kona Ingunn, fædd 1739 Magnúsdóttir bónda í Laugardalshólum Rögnvaldssonar. Þau áttu tólf börn. Eitt þeirra Guðrún hér næst á undan. Magnús 20 og Björn 18 ára eru hjá þeim 1801 á Búrfelli. "Þau hjón bjuggu við auðsæld og mannvirðingu." Jón Vernharðsson var bókbindari góður, þatt hann bækur í leður og látún af miklum hagleik (Sk. Helg. Sagnab. II bls. 5). Einn af sonum Jóns Vernharðssonar var Ófeigur í Heiðarbæ, f. 1770, faðir Vigfúsar á Nesjum, f. 1803, föður Ófeigs, f. 1835, föður Eyjólfis trésmiðs í Reykjavík, en börn hans voru m a. ,

Viggó bifreiðaeftirlitsmaður, Ari verkstjóri og Lára kona Ólafs Túbals listmálara í Múlakoti. Faðir Jóns var:

28. Vernharður Ófeigsson, bóndi og stúdent á Búrfelli 1730- til æviloka 1761. Fæddur 1696, lögréttumaður um skeið. Kona Hildur Jónsdóttir pr. á Ólafsvöllum Erlingssonar lögrm. í Blönduholti Eyjólfssonar, sjá nr. 18-19. Erlingur bjó fyrr í Saur og síðar í Blönduholti. - Annar sonur Vernharðs en Jón hér næst á undan, var Ófeigur stúdent, f. 1743, er drukknaði með Eggert Ólafssyni 30. maí 1763. Faðir hans:
29. Ófeigur Magnússon, f. um 1654. Bóndi í Skipholti og Bræðratungu, lögréttumaður. K. Brynhildur Jónsdóttir. Ófeigur er dáiinn fyrir alþing 1718, því þá er þess getið að enginn haf nefndur verið til starfa í lögréttu í stað hans. Faðir hans
30. Magnús Eiríksson, bóndi í Skriðufelli í Þjórsárdal um 1650-~~40~~
31. Eiríkur, ókunnur.

Um móðurætt

G u ð r ú n a r G í s l a d ó t t u r :

32. Sigríður Jónsdóttir, fædd um 1836 í Brattsholti Stokkseyrarh Er þar hjá foreldrum 1845. Átti Gísla Þorsteinsson frá Mýra - koti í Grímsnesi, nr. 2, síðar kenndur við Götuhús í Rvík. Bólstaðir og búendur 41. Manntal 1845. Hún er við manntal 1901 á Vindheimi á Norðfirði. og flyst 1903 til Reykjavíkur. Faðir hennar:
33. Jón Ásbjörnsson, fæddur í Starkaðarhúsum Stokkseyrarhreppi 1801 Bóndi í Brattsholti sama hreppi 1835-1856. Kona Guðfinna Egilsdóttir. Börn þeirra voru: Ásbjörn bóndi í Ertu í Selveg, Guðmundur á Efri-Brúnavöllum og víðar á Skeiðum, Sigríður, sjá hér næst á undan, Jón í Skipholti í Reykjavík og Guðfinna. (Bólstaðir 41). Faðir hans:
34. Ásbjörn Bjarnason, fæddur 1769, bjó í Starkaðarhúsum (hjáleigu frá Stokkseyri) 1799 og til dauðadags 29. október 1811. Kona hans Sigríður Jónsdóttir, nr. 46. Faðir hans:
35. Bjarni Jónsson, eldri, fæddur 1721. Bjó á Ásgautsstöðum og síðar í Traðarholti Stokkseyrarhreppi. Sonur Jóns Bjarnasonar í

Grímsfjósum. Kona Bjarna Gunnhildur Valdadóttir í Fljótshólanum Eiríkssonar á Vatnsenda Jónssonar. - Valgerður hét dóttir þeirra Bjarna og Gunnhildar, móðir Jóns, föður Páls, föður Isólfs, föður dr. Páls Isólfssonar. Önnur dóttir þeirra hét Þuríður, móðir Sesselju, móður Margrétar, móður Isólfs föður dr. Páls. Bróðir þessara systra var Ásbjörn langa-langafi Guðrúnar Rafnsdóttur, sem er þannig fimmtenningur við dr. Pál (Bólstaðir 254). Faðir hans:

36. Jón Bjarnason, fæddur 1685. Bóndi í Grímsfjósum frá því um 1715 til 1757. Einn best efnaði af hjáleigubændum staðarins, en Grímsfjós var ein af hjáleigum Stokkseyrar. Kona Steinunn Magnúsdóttir í Meðalholtum Þorgeirssonar. Dau áttu 13 börn og komust 8 upp og hlutu staðfestu. (Bólst. 254). Faðir hans:

37. Bjarni Jónsson, fæddur um 1650. Býr í Grímsfjósum 1703, form^{er} og er þar til 1715, bjó áður í Vestri-Móhúsum. Kona Katrín Jónsdóttir.

Hans faðir:

38. Jón Bjarnason bóndi Traðarholti 1673-1683. Kona Kristín Kolbeinsdóttir í Haga í Holtum, Guðmundssonar. (Bólst. 170). Faðir:

39. Bjarni Þorgrímsson, bóndi í Haga í Holtum, Rang. Faðir hans:

40. Þorgrímur Oddsson, lögrm. í Rangárbíngi um 1570-1596, fæddur 1520. Kona Þórunn Bjarnadóttir, Torfasonar sýslum. í Klofa Jónssonar, nr. 54. Hans faðir:

41. Oddur Arnfinnsson, bóndi á Bakka í Öxnadal. Hans faðir:

42. Arnfinnur Jónsson, sýslum. á Bakka í Öxnadal og síðar á Laugalandi á Delamörk, d. 1495. Kona Guðný, d. 1495, Steinsdóttir að Auðbrekku, Brandssonar lögmans Jónssonar. Faðir hans:

43. Jón Finnbogason. Kona Steinunn Arnfinnsdóttir. Hans faðir:

44. Finnbogi Jónsson gamli. Bóndi í Ási í Kelduhverfi. Auðmaður.

Dó um 1440. Óvíst um framætt. Faðir hans var nefndur Jón langur. Frá Finnboga er kölluð Langsætt. Meðal barna: Þórunn barnamóir Jón Pálss. Mariuskálds pr. á Grenjaðarstað um 1440 til d. 1470. Þeirra sonur Finnbogi lögmaður er bjó í Ási, eins og móðurfaðir hans og alnafni, Finnbogi gamli. Hans faðir:

45. Jón, nefndur langur. Óviss uppruni.


46. Sigríður Jónsdóttir, fædd 1775 í Íragerði Stokkseyrarhreppi.
D. á Stokkseyri 26. febr. 1865. Var tvígift. Fyrri maður var
Ásbjörn Bjarnason nr. 34. (Árnesingaættir í handr. 429. G. J.)
Faðir hennar:
47. Jón Jónsson beykir, fæddur 1751 í Salthól í Hraunshverfi.
Bóndi í Simbakoti. Dó þar 20. sept. 1820. Kona Steinunn, f. 1742
frá Húsum í Holtum, Rang. Hans faðir:
48. Jón Jónsson yngri, f. 1722. Bóndi í Salthól 1746-1762. Kona
Sigríður, f. 1722, Jónsdóttir bónda í Litlu-Sandvík, f. 1693,
Þorvaldssonar á Bollastöðum, f. 1694, Þorsteinssonar (Árn. G. J. 427)
49. Jón Jónsson elsti á Gamla-Hrauni. Er bóndi þar 1729 og til
dánardags. Fæddur 1693, d. 1747. Kona Sesselja, f. 1692, Þórðar-
dóttir. Faðir hans:
50. Jón Þorkelsson, f. 1660. Bóndi í Vestra-Íragerði Stokkseyrarh
1703. Mun hafa dáið í stórbólu 1707. Kona Vigdís Jónsdóttir
Frá þeim er margt fólk komið (Bólstaðir 345).
51. Þorkell. Óþekktur.
52. Þórunn Bjarnadóttir, kona Þorgríms Oddssonar nr. 40. F. hennar:
53. Ejarni Torfason. Hans faðir:
54. Torfi Jónsson, sýslumaður í Klofa í Landsveit, d. um 1504.
Mikillátur og ráðríkur. Skörungur en yfirgangsmaður. Stóð að
vígi Lénharðs fógeta. Kona hans Helga Guðnadóttir sýslumanns
á Kirkjubóli Jónssonar. Faðir hans:
55. Jón Ólafsson, sýslum. í Klofa, síðast getið 1471. Auðmaður.
Kona Ingibjörg Eiríksdóttir í Skarði á Landi Krákssonar.
Systir Jóns var Margrét kona Bjarna Ólasonar í Hvassafelli,
lögréttumanns er átti í Hvassafellismálum. Faðir þeirra:
56. Ólafur Loftsson bóndi í Reykjahlíð við Mývatn. Kona Guðrún
Hrafnsdóttir lögmans í Rauðuskriðu Guðmundssonar. Faðir hans:
57. Loftur Guttormsson ríki, hirðstjóri á Möðruvöllum. F. um 1380,
d. í sept. 1432. Var riddari og hafði höggorm í skjaldarmerki
sínu. Mesta skáld sinnar tíðar. Talið er að móðir Ólafs væri
systir Þorsteins lögmans Ólafssonar. Faðir hans:
58. Guttormur Ormsson, bóndi í Þykkvaskógi í Dölum, veginn við
veiðiskap í Miðá 26. maí 1381. Kona Soffía Eiríksdóttir bónda
á Svalbarði nyrðra, Magnússonar, Brandssonar. Faðir hans:

- 59. Ormur Snorrason, lögmaður á Skarði. Lögmaður 1359-1375. Hans er getið við Grundarbardaga. Dó í svartadauða 1402. Kona Ólga Jónsdóttir, Sveinssonar. Faðir hans:
- 60. Snorri Narfason á Skarði, lögmaður 1316-1329. D. 9. marz 1332. Kona Þóra Ormsdóttir. Faðir hans:
- 61. Narfi Snorrason, pr. Skarði, d. 1284. Kona Valgerður Ketilsdóttir
- 62. Snorri Narfason (Skarðs-Snorri), pr. á Skarði. D. 13. sept. 1260. Kona Sæunn Jónsdóttir Brandssonar. Hans faðir:
- 63. Narfi Snorrason, pr. á Skarði, d. 1202. K. Guðrún Þórðardóttir. F. t.
- 64. Snorri Húnbogason pr. á Skarði, lögsögum. 1156 til dánard. 1170 Kona Ingveldur Atladóttir, Tannasonar. Móðir hans:
- 65. Ingveldur Hauksdóttir, átti Húnboga Þorgilsson bónd á Skarði (bróður Ara fróða). Hennar faðir:
- 66. Haukur Ketilsson, átti Þorgerði Bitru - Oddadóttur. Faðir hans:
- 67. Ketill Þorkelsson. Hans faðir:
- 68. Þorkell Þórhildarson. Hans móðir:
- 69. Þórhildur Þorsteinsdóttir, systir Þorkels mána. Hennar faðir:
- 70. Þorsteinn Ingólfsson í Reykjavík, átti Þóru Hrólfsdóttur rauðskeggs, landnámsmanns á Fossi á Rangárvöllum. Þorsteinn hafði sett og haldið Kjalarnesþing, áður en Alþingi var sett. Faðir hans var svo sem sögur greina:
- 71. Ingólfur Arnarson, fyrsti landnámsmaður á Íslandi. Fæddur um 849, dáinn um 900. Hóf byggð á Íslandi 874. Reisti bæ sinn í Reykjavík 877. Kona Hallveig Fróðadóttir. Örn faðir Ingólfs var Björnólfsson, Hrómundarsonar, Greipssonar. Talið er að bæjarstæði Ingólfs hafi fundist nú fyrir fáum árum (með nýtzikulegum rannsóknaraðferðum) í miðborg Reykjavíkur, örstutt frá því er Dómkirkjan og Alþingishúsið standa. Ekki er neit samband á milli þess að Reykjavík var bústaður fyrsta landnámsmannsins og að þar er nú höfuðborg landsins; það orsakaðist af allt öðrum hlutum fyrir aðeins 250-300 árum síðan.
- 72. Húnbogi Þorgilsson, goðorðsmaður á Skarði, maður Ingveldar Hauksdóttur, nr. 65. Faðir hans:
- 73. Þorgils Gellisson bóndi á Helgafelli á Snæfellsnesi. Drukknaði á Breiðafirði 1074. K. Jóreiður Hallsdóttir. Faðir hans var:

74. Gellir Þorkelsson, bóndi á Helgafelli. D. í Hróarskeldu 1073.
Kona Valgerður Þorgilsdóttir á Reykhólum Arasonar. Faðir hans:
75. Þorkell Eyjólfsson, bóndi á Helgafelli. Druknaði í Breiðafirði á skírdag 1026. Kona Guðrún Ósvífursdóttir er kemur við sögu. Hún hvílir á Helgafelli. Faðir hans:
76. Eyjólfur Þórðarson grái, bóndi í Otradal. Hlaut skír, gamall árið 1000. Hann stóð að drápi Gísla Súrssonar. Faðir hans:
77. Þórður gellir Ólafsson, bóndi í Hvammi í Dölum. Kom á fjórðungaskipan 965. Kona Hróðný Miðfjarðar-Skeggjadóttir. Faðir hans:
78. Ólafur feilan Þorsteinsson, landnámsmaður, Hvammi í Dölum. Kona hans var Álfðís hin barreyska (frá Barrey), Konálsdóttir. Faðir hans:
79. Þorsteinn rauður Ólafsson, konungur Skota. Féll fyrir þegnum sínum. Kona hans var Þuríður Eyvindardóttir austmanns, systir Helga magra landnámsmanns í Eyjafirði. Móðir hans:
80. Auður Ketilsdóttir drottning í Dyflinni á Írlandi. Hún var kona Ólafs hvíta Ingjaldssonar herkonungs í Dyflinni. Faðir Auðar var Ketill flatnefur, Bjarnarson bunu, hersis úr Sogni í Noregi Grímssonar. Eftir fráfall Ólafs konungs, fluttist Auður til Íslands, nam land í Dölum og bjó í Hvammi. Hún var nefnd Auður djúpuðga.

Hér endar þessi ættartala. Hún gat endað nokkru fyrr, - og líka löngu síðar.

Verði hún til skemmtunar og fróðleiks eigendum og lesendum, þá er tilganginum náð.


Indriði Indriðason